# Vottorð

## Versa vottun ehf. staðfestir hér með að

**SORPA bs.** Kt: 510588-1189

Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík

### starfrækir samþætt stjórnunarkerfi sem er í samræmi við kröfur

**ÍST ISO 9001:2015 | ÍST ISO 14001:2015 | ÍST ISO 45001:2018 | ÍST 85:2012**

### Gildissvið vottunar:

Stjórnkerfið nær til starfsemi sem starfsmenn SORPU og eftir atvikum ytri veitendur framkvæma, á öllum starfsstöðvum SORPU: Móttöku- og flokkunarstöð, endurvinnslustöðvum, grenndargámum, nytjamarkaði, gas- og jarðgerðarstöð, gashreinsistöð, urðunarstað og skrifstofu. Starfsemi SORPU er bæði samfélagslegs eðlis og viðskiptalegs eðlis. Sjá nánar hér að neðan. Stjórnkerfið nær til allra tegunda vara sem SORPA framleiðir eða verða til í starfseminni og allra tegunda þjónustu sem SORPA veitir.Sá hluti stjórnkerfisins sem lítur að jafnlaunamálum nær til allra starfsmanna SORPU en ekki starfsmanna ytri veitenda. Starfsemin sem stjórnkerfið nær til er: Móttaka, meðferð, endurnotkun, endurvinnsla, endurnýting og/eða förgun úrgangs sem til fellur í sveitarfélögum sem eru eignaraðilar að byggðasamlaginu SORPU og eftir atvikum öðrum sveitarfélögum, samkvæmt gjaldskrá. Stjórnkerfið nær einnig til stoðstarfsemi, svo sem skrifstofu, verkstæða o.þ.h.

**Nánar um starfsemi, vörur og þjónustu:**

i. Móttaka flokkaðs og óflokkaðs úrgangs frá handhöfum úrgangs, bæði einstaklingum og lögaðilum.
ii. Meðferð úrgangs: Flokkun úrgangs í efnisstrauma (pappír, pappi, plast, lífúrgangur frá heimilum og rekstraraðilum, timbur, málmar, nytjahlutir, garðaúrgangur, sláturúrgangur o.fl.). Söfnun, böggun, tæting eða önnur viðeigandi grunnmeðferð efnisstrauma.
iii. Endurnotkun, endurvinnsla og önnur endurnýting efnisstrauma, svo sem framleiðsla, sala og afhending á metangasi, jarðvegsbæti, nytjahlutum, pappír, pappa, plasti, dýrafitu o.fl.
iv. Förgun efnisstrauma sem ekki eru endurunnir eða endurnýttir, þ.m.t. urðun og efnisendurheimt (t.d. með fyllingu).
v. Í starfsemi sinni þjónustar SORPA ýmsar tegundir viðskiptavina: sveitarfélög sem hafa skyldu til að safna úrgangi og koma honum í meðhöndlun, lögaðila svo sem fyrirtæki og aðrar skipulagsheildir sem eru úrgangshafar, íbúa á starfssvæði SORPU og aðra einstaklinga sem eru úrgangshafar, kaupendur og aðra notendur afurða sem SORPA framleiðir eða verða til í starfseminni - bæði lögaðila og einstaklinga.

### Vottorð nr. VV-SSK-1

ISO 9001 | ISO 14001 | ISO 45001 | ÍST 85

„Styðjum Heimsmarkmið SÞ og gerum sjálfbærni sjálfsagða"

**Versa | Vottun**

**Dagsetning útgáfu: 11.12.2020**

**Gildir til: 10.12.2023***

***Með fyrirvara um árangursríkar eftirlitsúttektir***

Vottorð þetta er eign Versa vottunar

Ragna Stefánsdóttir
Formaður vottunarnefndar

Framkvæmdastjóri